

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 168/2021

2024/EES/10/06

frá 11. júní 2021

## um breytingu á VI. viðauka við EES-samninginn (Félagslegt öryggi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. H9 frá 17. júní 2020 varðandi framlengingu fresta sem um getur í 67. og 70. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 og í ákvörðun nr. S9 vegna COVID-19 heimsfaraldursins <sup>(1)</sup>.
- 2) VI. viðauka við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.H8 (ákvörðun nr. H8) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„3.H9 **32020 D 0807(01)**: Ákvörðun nr. H9 frá 17. júní 2020 varðandi framlengingu fresta sem um getur í 67. og 70. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 og í ákvörðun nr. S9 vegna COVID-19 heimsfaraldursins (Stjtið. ESB C 259, 7.8.2020, bls. 9).“

2. gr.

Texti ákvörðunar nr. H9, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 259, 7.8.2020, bls. 9.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.